

Þessa dagana sýnir Hringur Jóhannesson að Kjarvalsstöðum 51 ollumálverk og 43 teikningar. Síðast hélt Hringur einkasýningu í Norræna húsinu 1973.

Teikningar 1961 — 1976

Hringur Jóhannesson hefur allan listferil sinn lagt mikla rækt við teikningu. Á fyrstu einkasýningu sinni 1962 sýndi hann einungis teikningar, og alla tíð síðan hafa þær verið ríkur þáttur í starfi hans. Hann hefur m.a. verið allafkastamikill við myndlýsingar bóka og má þar til greina myndir hans við Eyrbyggju og Laxdælu í útgáfu Helgafells.


Í þeim teikningum sem hann hefur dregið saman hér á sýn-

ollumálverkum sem Hringur sýnir hér. Olluverkin eru öll gerð á síðustu þrem árum og viðfangsefni hans og meðferð þeirra eru um margt ólík því sem gerist í teikningunum. Samt sem áður er hér stór sam-eiginlegur þáttur hvað myndefni snertir, en það er landslag og umhverfi manna til sveita. Nöfn verkanna gefa hér ágæta vísbendingu: „Eyðibýli“, „Aöræfum“, „Hlóðugeisli“, „Bóndi að austan“, „Aburðarpokar“, „Mjólurkælinn“, svo eitthvað sé nefnt.

Í landslagsmálverkunum beitir Hringur margvíslegum myndskurði og sjónarhornum. Náttúrulýsingar hans hafa hvorki dulræna né táknaða merkingu, heldur eru öðru fremur nákvæm útfærsla skynjana á síbreytilegri ásýnd umhverfisins. Hér er tíundað hið sólmettaða andrúmsloft sem mýk-




Frá Egissíðu (1976)



Tæknigeim (1976)

HRINGUR JÓHANNESSEN



Blöndubotn no 3 (1976)

að Kjarvalsstöðum

ingunni eru viðfangsefni hans fjölbreytileg — einkum hús, landslag og bátar við bryggju og gefa eflaust nokkuð gott yfirlit yfir starf hans á þessu sviði. Þótt þær séu nokkuð misjafnar að gæðum, en í mörgum tilfellum er fremur um að ræða „minnisblöð“ höfundar en fullunnin verk, þá gefa þær samanlagt ágæta innsýn í þá fjölbærni sem hann hefur sýnt, og ólíku aðferðir sem hann hefur beitt gegnum árin. Í þeim elstu einkennast vinnubrögð hans af natni og finleika þar sem formin samlagast mjúklega hvert öðru eða hann notar frekari andstæðuverkan svarts og hvíts með heilum vel útfylltum flötum, sem gefa þeim skýrari og fastari byggingu. Enn fremur má hér sjá augnabliks-teikningar, oft úr götulífinu — skyndisýnir sem hann hripar niður með snöggum hröðum lín-um. En þegar þetta safn teikninga er skoðað í heild sinni eru landslagsmyndirnar eflaust áhugaverðastar, er hann ymist þrengir sjónarhornið að myndefninu eða vikkar og kallar stundum fram finlegan ljóðrænan innileika gagnvart viðfangsefninu.

Náttúrulýsingar

Ekki ber að skoða þær teikningar sem hér hefur verið getið að framan eingöngu sem aðdraganda að þeim rúmlega 50

ir og leysir upp útlínur náttúru — annar eða áherslan er lögð á tærleika hennar og hörku, eins og í verkinu „Eftir regnið“ frá 1975. Í þessum landslagsverkum verður inntakið öðru fremur aðdáun og gleði yfir hinu séða, margvíslegt birtuspil, speglanir í vatni, skuggar sem teygja sig yfir landslagið o.s.frv. sem hann yfirleitt fangar með ferski og blæbrigðaríkri lita-verkan.

Heilir fletir

Í öðrum flokki landslagsmálverka er það ekki hinn síbreytilegi samleikur ljóssins sem lögð er áhersla á, heldur fær myndefnið óhlutlægara gildi og heillegir fletir þess liggja þá gjarna á mörkum hins abstrakta og hins hlutstæða. Heilum grænum fleti er teft á móti öðrum bjartari — skika af túni sem ber við bjartan himin. Þessi tilhneiging að gefa formunum tvíræða merkingu, í senn abstrakta og hlutstæða, kemur einnig fram á annan hátt þar sem blandað er saman innra og ytra rými, og er það þekkt vinnuáferð margra surrealista.



Aburðarpokar (1976)

Merki um mann- lausa návist

Hringur er ekki einungis dýrkandi hins hreina, mannlausa landslags. Í öðrum landslagsverkum er fjallað um mannlega návist á óbeinan hátt — þau ummerki og umrót sem manneskjan skilur eftir í náttúrunni eru hér dregin fram. Billak í dalverpi, litrík mælistöng í sólglampanði gróanda, umferðarskilti eða síma staur sem ber við heiðan himin. Þessum

myndefnisþáttum er þó ekki teft hér saman í prédikunartón um óspjallaba náttúru, heldur fremur til að tíunda ný tengsl myndrænna þátta, og ummerki mannsins verða öllu fremur lífrænn hluti umhverfisins þegar á heildina er lítið. Inntakið verður því allajafna uppgötvun formrænna andstæðna og nýstárlegra sjónarhorna gagnvart myndefninu. Þetta kemur einnig glögg fram í þeim verkum þegar hann rifur algenga hluti út úr sínu vanabundna samhengi og gefur þeim nýtt og óvænt gildi.

Hin óvænta sýn

Hið raunsæja myndmál Hringa, lýsingar hans á veruleikanum, eru ekki á þá lund að draga fram hugmyndalegar andstæður eða almennar ályktanir út frá hinu sérstaka, heldur er markmiðið miklu fremur að draga fram hina sérstöku óvæntu sýn, bæði hvað snertir myndefni og sjónarhorn. Inntakið verður því oft fyrst og fremst hið hugvitsamlega sjónarhorn að myndefninu rétt og slétt, án viðtækari merkingar.

Ólafur Kvaran.

Ólafur Kvaran



skrifar um myndlist